

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 337/1993.

Lárus Hinriksson

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

gegn

Birni Benediktssyni og

Öxarfjarðarhreppi

(Andri Árnason hrl.)

Skaðabætur. Sameign. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1993. Hann krefst þess, að stefndu greiði sér in solidum 724.327,50 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 4. júní 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ágreiningur málsaðila um það, hvort bótum þeim, sem stefndi Björn Benediktsson, oddviti stefnda Öxarfjarðarhrepps, veitti viðtöku fyrir hönd bræðranna Sigurðar Hinrikssonar og áfrýjanda, hafi verið ráðstafað til byggingar nýja íbúðarhússins með heimild áfrýjanda eða hvort svo hafi verið gert í óleyfi hans.

Bræðurnir átta á þessum tíma saman jarðirnar Skóga I og III. Íbúðarhús var á jörðinni Skógum I, en Skógum III fylgdi ekki íbúðarhús. Vegna afleiðinga landsigs var íbúðarhúsið talið heilsuspillandi og óíbúðarhæft í febrúar 1983. Sigurður var þá ábúandi í Skógum. Áfrýjandi hafði flutt þaðan árið áður, en hafði þó áfram landsnyttjar.

Með bréfi 15. febrúar 1983 til Viðlagatryggingar Íslands fór Sigurður þess á leit, að sér yrði bættur húsakostur jarðarinnar. Lýsti

hann þar ástandi öllu. Segir í bréfinu: „Á undanförnum 6 árum hefur það verið að koma í ljós, að búsetumöguleikar í Skógum eru ekki fyrir hendi, meðan húsakostur jarðarinnar er á núverandi stað, . . . Að mínum dómi er ekki annað fyrir hendi en reisa hús jarðarinnar á öðrum stað, þar sem flóðanna gætir ekki.“

Í ljós er leitt í málinu, að stefndi Björn aðstoðaði Sigurð við þessa málaleitan. Hefur hann lýst því í bréfi til páverandi lögmanns áfrýjanda 27. janúar 1985, að af sinni hálfu hafi það skilyrði verið sett, að reyndi hann að aðstoða þá bræður við að ná bótum frá Viðlagatryggingu vegna tjóns á húsum á jörðinni, yrði bótaféð að renna óskipt til uppbyggingar á þeirri jörð, ef það næðist. Þetta hafi báðir bræður samþykkt, munnlega og síðar skriflega, áður en féð var greitt út, með því að veita Öxarfjarðarhreppi umboð til að taka við því.

II.

Sigurður Hinriksson gerði auk kröfunnar fyrir bætur á húsakosti kröfur vegna missis átta kálfa, 10 mánaða gamalla, sem drukknuðu í kálfahúsinu að Skógum I aðfaranótt 31. janúar 1983, er timbur í gólfi brotnaði. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hafnaði öllum kröfunum með bréfi 11. maí 1983, og vísaði Sigurður þá ágreiningnum til Hamfaranefndar, og gekk áfrýjandi inn í málið sem sameigandi.

Hamfaranefnd kvað upp úrskurð sinn 16. mars 1984. Hafnaði nefndin kröfu vegna missis kálfanna, þar sem tjónið yrði ekki rakið til jarðskjálftanna 1975/1976 eða sjávarflóðs 16. nóvember 1982. Hins vegar var talið, að tjón hefði orðið á húsakosti jarðarinnar vegna landsigs í jarðskjálftunum og sjávarflóðsins og það tjón væri því bótaskyld, sbr. lög nr. 52/1975. Sigurður gaf stefnda hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps 26. mars 1984 umboð „til að taka allar þær bætur sem kunna að fást frá Viðlagatryggingu Íslands fyrir húsakost jarðarinnar Skóga I enda verði þeim varið til uppbyggingar þar“. Bræðurnir veittu sameiginlega 1. maí 1984 stefnda Birni Benediktssyni oddvita fullt og óskorað umboð til að „taka á móti fjárbótum úr Viðlagatryggingu Íslands vegna húseigna á ofangreindri eignarjörð okkar“.

Tjónsuppgjör fór fram 1. júní 1984, og voru bætur til tjónþola

reiknaðar tiltekið hlutfall af brunatryggingarfjárhæð húseignar, 1.448.655 krónur, og hafði þá eigin áhætta verið dregin frá.

Bæturnar voru greiddar út í þrennu lagi þannig: 500.000 krónur 4. júní 1984, 200.000 krónur 5. júlí og eftirstöðvar, 748.655 krónur, 20. ágúst á sparisjóðsbók nr. 1837 í Samvinnubankanum á Kópaskeri á nafni Öxarfjarðarhrepps. Hinn 20. ágúst 1984 var því lýst yfir af hálfu Viðlagatryggingar og oddvita Öxarfjarðarhrepps sameiginlega, að með því að íbúðarhús og útihús að Skógum I og III væru talin ónothæf og þar eð bætur hefðu verið greiddar vegna tjónsins, væru hús þessi felld úr viðlagatryggingu. Verði endurbyggt á jörðinni, skuldbindi eigendur sig til þess, að byggingum verði valinn sá staður, að þær séu úr allri hættu vegna flóða.

III.

Bygging nýs íbúðarhúss hófst vorið 1984, og greiddi stefndi Björn út bótaféð af sparisjóðsbókinni, eftir því sem framkvæmdum miðaði, og var áfrýjanda kunnugt um það. Staðurinn, sem talið var óhætt að byggja á, reyndist í landi næstu jarðar, Ærlækjarsels, og var gert ráð fyrir, að eigendur þeirrar jarðar legðu lóðina til lands Skóga I og III. Samkvæmt gjörðabók jarðanefndar Norður-Þingeyjarsýslu 23. ágúst 1984 var samþykkt, að eigendur Ærlækjarsels seldu Sigurði Hinrikssyni „lóð undir íbúðarhús og refahús um 1,5 ha að stærð úr landi Ærlækjarsels“. Áfrýjandi sneri sér til stefnda Björns og lýsti því áliti sínu, að þar með færi uppbygging jarðarinnar fram í Ærlækjarseli, en ekki að Skógum. Fóru áfrýjandi og eiginkona hans fram á það í bréfi til stefnda Björns 24. ágúst 1984, að greiðslur bótanna yrðu stöðvaðar „að því marki að $\frac{1}{3}$ hluti þeirra gangi alfarið undir okkar stjórn“. Stefndi Björn taldi þetta vera ósætti milli bræðranna og lýsti því, að sala landskikans úr Ærlækjarseli gæti ekki farið fram nema með samþykki sveitarstjórnar, sem myndi ekki verða veitt, „nema lóðinni sé þinglýst á Skóga I og III“ til þess að tryggja rétt sameigenda jarðarinnar yfir húsinu. Stefndi Björn kveðst á þessum tíma hafa greitt um 900.000 krónur út af bótafénu, og margir reikningar vegna byggingarinnar hafi beðið ógreiddir. Hann hafi því ekki stöðvað greiðslur þrátt fyrir tilmæli áfrýjanda, en ráðið honum að leita til lögfróðra manna, ef hann teldi sig hafa rétt til að stöðva greiðslurnar.

Áfrýjandi og eiginkona hans skrifuðu stefnda Birni annað bréf 25. september 1984. Er meginefni þess rakið í héraðsdómi. Svo sem þar er og rakið, sendi áfrýjandi stefnda Birni hið þriðja bréf í framhaldi af þessu og tók aftur ummæli í því og baðst afsökunar á þeim.

Lokagreiðsla til húsbyggingarinnar fór fram 3. desember 1984.

Páverandi lögmaður áfrýjanda skrifaði stefnda Birni bréf 22. janúar 1985 og bað um skýringar á greiðslu bótanna og uppbyggingarinnar á landi Ærlækjarsels. Svaraði stefndi með bréfi 27. janúar 1985, sem að ofan er rakið.

Bræðurnir skiptu með sér jörðunum með kaupsamningum 3. mars 1985. Fékk áfrýjandi Skóga III í sinn hlut, en Sigurður fékk Skóga I. Enginn fyrirvari var þar gerður um hið nýja íbúðarhús eða rétt yfir því. Hinn 16. apríl 1985 skrifuðu áfrýjandi og eiginkona hans bréf til stefnda Öxarfjarðarhrepps og kváðust hyggja á framkvæmdir á eignarhluta sínum í Skógum og fóru fram á, að sér yrðu veittir þeir fjármunir, sem til þeirra hefðu komið vegna bótanna á fasteignum þeirra. Stefndu svöruðu með bréfi 19. sama mánaðar og lýstu yfir því, að hlutur þeirra hjóna af þessu bótafé hefði runnið til byggingar húss þeirra Sigurðar og eiginkonu hans. Af hálfu áfrýjanda var því lýst við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hefði nytjað jörð sína og ætlað bæturnar til uppbyggingar fiskeldis á henni.

IV.

Hið skriflega umboð, er bræðurnir veittu stefnda Birni, náði samkvæmt efni sínu einungis til að veita bótafénu viðtöku, en ekki til að ráðstafa því. Þegar litið er þó til þess, er að framan greinir um tilgang bótanna, framgang byggingar íbúðarhússins og vitneskju áfrýjanda um hana, verður að telja, að skilningur aðila hafi í upphafi verið, að bótafénu skyldi ráðstafað til að reisa íbúðarhús, sem yrði sameign landeigenda. Þegar leið á sumar 1984, lét áfrýjandi að vísu í ljós, að hann óskaði eftir að fá sinn hluta bótanna greiddan beint. Með hliðsjón af orðum í bréfi áfrýjanda í framhaldi af bréfi 25. september 1984 verður hins vegar að telja, að stefndi Björn hafi mátt skilja áfrýjanda þannig, að fallið væri frá öllum mótmælum fyrra bréfs. Þegar litið er að auki til aðgerðaleysis áfrýjanda á þeim tíma og þegar hann gekk frá skiptingu jarðanna í mars 1985, verður

að telja, að hann hafi með því staðfest umboð stefndu til að ráðstafa fénu á þann hátt, sem gert var. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir öllum atvikum er rétt, að hver aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Lárus Hinriksson, kt. 280256-4209, Ásvegi 14, Akureyri, höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, þingfestri 19. september 1990, á hendur Birni Benediktssyni, kt. 060730-3189, Sandfellshaga II, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, og Öxarfjarðarhreppi, kt. 430369-0169, Norður-Þingeyjarsýslu. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 724.327,50 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

Stefndu krefjast algjörar sýknu af öllum dómkröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu [...].

Helstu málsatvik eru þau, að á árinu 1980 keyptu stefnandi og tvíbura-bróðir hans, Sigurður Hinriksson, jarðirnar Skóga I og III í Öxarfjarðarhreppi. Í náttúruhamförum 1975-1976 seig land á þessum slóðum, og var svo komið 1982-1983, að heilbrigðisnefnd Kópaskerslæknishéraðs taldi, að íbúðarhúsið að Skógum I og III væri óíbúðarhæft sökum vatnsgangs á neðri hæð. Vegna tjóns þessa fengu stefnandi og bróðir hans bætur frá Viðlagatryggingu Íslands, samtals óskiptar 1.448.655 kr. Hinn 1. maí 1984 undirrituðu stefnandi og bróðir hans, Sigurður, svofellt umboð:

„Við undirritaðir eigendur að Skógum I og III í Öxarfjarðarhreppi veitum oddvita, hr. Birni Benediktssyni, Sandfellshaga II, Öxarfjarðarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, fullt og ótakmarkað umboð til að taka á móti fjárbótum úr Viðlagatryggingu Íslands vegna húseigna á ofangreindri eignarjörð okkar.

Til staðfestu umboði þessu ritum við nöfn okkar hér að neðan ásamt vitundarvottum.

Allt sem nefndur umboðsmaður okkar gerir samkvæmt umboði þessu skal vera jafngilt og við hefðum gert það sjálfir.“

Samkvæmt umboði þessu veitti stefndi Björn bótunum viðtöku, en þær voru greiddar út í þrennu lagi þannig: 500.000 kr. 4. 6. 1984, 200.000 kr. 5. 7.

1984 og 748.655 kr. 20. 8. 1984. Á þessum tíma var hafin bygging nýs íbúðarhúss á vegum Sigurðar, bróður stefnanda. Var húsinu valin lóð í landi nágrannajarðar, Ærlækjarsels, en gert var ráð fyrir, að eigendur Ærlækjarsels legðu lóðina til lands Skóga I og III. Stefndi Björn ráðstafaði bótunum til greiðslu byggingarkostnaðar húss þessa, þ. e. hlutum beggja bræðranna, á tímabilinu 13. júní til 3. des. 1984.

Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki haft heimild sína til þessarar ráðstöfunar fjárins, heldur einungis til móttöku bótanna, og hafi þessi ráðstöfun fjárins verið gegn sinni vitund og vilja. Hefur hann höfðað mál þetta til heimtu síns hluta bótanna og reisir kröfuna á almennum reglum kröfuréttar.

Stefndu vísa um sýknukröfu stefnda Björns Benediktssonar persónulega á 2. mgr. 45. gr. eml. Allar ráðstafanir stefnda Björns í þessu máli hafi hann gert í umboði hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps sem oddviti hennar. Til vara er sýknukrafa stefnda Björns ásamt sýknukröfu stefnda Öxarfjarðarhrepps reist á eftirfarandi sjónarmiðum:

a) Stefnandi og bróðir hans, Sigurður, hafi falið oddvita hreppsnefndar að aðstoða sig við að ná fram bótagreiðslum vegna tjóns á húsakosti jarðarinnar Skóga I og III til uppbyggingar nýs íbúðarhúss á jörðinni, en íbúðarhús þar hafi þá verið óíbúðarhæft. Um þetta hafi stefnanda verið fullkunnugt, og hafi ráðstafanir oddvita hreppsins verið í samræmi við og innan umboðs, sem veitt hafi verið í þessum tilgangi.

b) Bótafénu hafi sannanlega öllu verið ráðstafað til mannvirkjagerðar á jörðinni Skógum I, sem þá hafi verið í sameign stefnanda og bróður hans, Sigurðar. Bæturnar hafi því runnið í reynd til stefnanda að öllu leyti, enda verði eigendur jarðar sjálfkrafa eigendur mannvirkja, sem á henni eru gerð, nema öðruvísi sé um samið. Það, þótt bróðir stefnanda, Sigurður, hafi á þessum tíma ætlað sér að búa í húsinu, skipti engu máli í þessu sambandi, enda hafi stefnandi getað neytt úrræða reglna eignarréttar um sameign, næðist ekki samkomulag með aðilum um nýtingu eignarinnar.

c) Stefnandi og bróðir hans hafi staðið sameiginlega að byggingu íbúðarhússins að Skógum I og stefnandi unnið við byggingu hússins með bróður sínum. Stefnanda hafi því verið fullkunnugt um staðsetningu hússins og hafi borið sem meðeiganda að gæta hagsmuna sinna um lóðarréttindi. Stefnandi og bróðir hans hafi á þessum tíma gert samkomulag við eigendur Ærlækjarsels um jarðarskika þann, sem íbúðarhúsið hafi staðið á. Það, að ekki hafi verið gengið formlega frá eignarheimildum að lóðinni, sé engum um að kenna öðrum en stefnanda og bróður hans, og beri þeir einir hallann af því, að svo var ekki gert.

d) Með kaupsamningi, dagsettum 3. 3. 1985, hafi stefnandi selt athugasemdalaust eignarhluta sinn í jörðinni Skógum I án þess að gera fyrirvara um hlutdeild sína í mannvirkjum, sem á jörðinni hafi verið eða átt hafi að falla undir hana. Tómlæti stefnanda að þessu leyti og um frágang á lóðarréttindum fyrir íbúðarhúsið sé slíkt, að stefnandi hafi þegar af þeirri ástæðu fyrirgert rétti sínum til að krefja stefnda um greiðslu, svo sem gert sé í máli þessu.

e) Með bréfi á dskj. nr. 47, ódagsettu, sé lýst yfir því af hálfu stefnanda, að fyrri ummæli sín í bréfi, dagsettu 20. 9. 1984 (á að vera 25. 9.), séu dregin til baka og að ágreining bræðranna verði að leysa innan fjölskyldunnar. Þegar á þessari stundu hafi stefndi mátt treysta því, að fénu hefði verið ráðstafað í samræmi við vilja aðila. Engar athugasemdir séu síðan gerðar fyrr en í apríl 1985. Á þessu tómlæti og réttaráhrifum þess beri stefnandi ábyrgð.

f) Með vísan til d- og e-liðar hér að framan sé við það miðað af hálfu stefndu, að þar sem stefnandi sjálfur hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að tryggja lóðarréttindi íbúðarhússins og gefið út athugasemdalaust afsal vegna Skóga I til handa Sigurði, bróður sínum, hafi stefnandi í reynd firrt sig eignarrétti að íbúðarhúsinu, en eigi eftir atvikum kröfurétt á Sigurð, þó eftir því, hvernig samningum þeirra sé háttað að öðru leyti vegna þessa máls.

g) Til vara sé bent á, að samkvæmt bréfi, dagsettu 24. 8. 1984, á dskj. nr. 45, geri stefnandi eingöngu fyrirvara um ráðstöfun á $\frac{1}{3}$ af þeim bótum, sem í hans hlut áttu að koma, þ. e. a. s. $\frac{1}{3}$ af helmingi bótanna. Ráðstöfun að öðru leyti hafi því verið heimil þegar af þeirri ástæðu.

Stefnandi og stefndi Björn Benediktsson hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi. Þá hefur Einar Friðrik Jóhannesson byggingarfulltrúi borið vitni í málinu.

Hinn 26. mars 1984 sendi Sigurður Hinriksson, bróðir stefnanda, stefnda Birni Benediktssyni símskeyti, þar sem hann veitir hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps umboð til að taka allar þær bætur, sem kunni að fást frá Viðlagatryggingu Íslands fyrir húsakost jarðarinnar Skóga I, enda verði þeim varið til uppbyggingar þar. Fram kemur í málinu, að hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps fjallaði nokkrum sinnum um málið, þ. á m. gerðir stefnda Björns. Skjöl þau, er stefndi Björn undirritaði vegna máls þessa og framangreinds umboðs, undirritaði hann í nafni hreppsins með því að nota stimpil Öxarfjarðarhrepps.

Að þessu virtu svo og orðalagi í umboði frá 1. 5. 1984, þar sem segir, að umboðið sé veitt „oddvita, hr. Birni Benediktssyni“, þykir mega við það

miða, að litið hafi verið svo á, að stefndi Björn hafi farið með umboðið og ráðstöfun bótanna í nafni Öxarfjarðarhrepps, en eigi persónulega. Virðist þetta einnig vera í samræmi við skoðanir stefnanda, sem koma fram í bréfi hans til hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps, dags. 16. apríl 1985. Þykir samkvæmt framansögðu mega sýkna stefnda Björn af kröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 45. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. nú 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Ekki er ágreiningur um, að hið skriflega umboð, sem að framan er rakið, náði einungis til þess að veita bótunum viðtöku.

Stefndi Björn telur sig hafa haft samþykki stefnanda og bróður hans til að ráðstafa bótunum svo sem hann gerði. Framganga sín í málinu hafi allan tímann verið háð því skilyrði, að bæturnar rynnu óskiptar til uppbyggingar að Skógum I og III. Hafi báðum bræðrum verið það ljóst og sér vitanlega ekki verið ágreiningur um þann skilning. Hafi framganga sín í málinu verið til þess, að umrædd jörð yrði ábúðarhæf og sveitarfélaginu til hagsbóta. Hafi hann þess vegna staðið í þessu sem oddviti og sveitarstjórn allan tímann fylgst með málinu og verið samþykkt gerðum sínum.

Með símskeyti, dags. 26. mars 1984, veitti Sigurður Hinriksson, bróðir stefnanda og meðeigandi að jörðinni, hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps umboð til að veita bótunum viðtöku, enda yrði þeim varið til uppbyggingar á jörðinni.

Í bréfi stefnanda og eiginkonu hans til stefnda Björns, dags. 24. ágúst 1984, segir: „Við undirrituð förum að öllu leyti fram á, að okkar hlutur í bótum, sem veittar voru gagnvart tjóni á fasteignum á jörðinni Skógum I og III, verði stöðvaðar að því marki, að $\frac{1}{2}$ hluti þeirra gangi alfarið undir okkar stjórn og ráðum við hvenær og hvernig þeim er ráðstafað, þ. e. a. s. í hvaða fasteign þær muni fara.“

Í framhaldi af þessu bréfi virðast hafa farið fram viðræður á milli stefnanda og stefnda Björns um málið, og með bréfi, dags. 20. eða 25. september 1984, krefja stefnandi og eiginkona hans stefnda Björn svara við ýmsum spurningum varðandi málið.

Í ódagsettu bréfi stefnanda til stefnda Björns, þar sem vísað er í framangreint bréf, segir: „Bréf þetta var skrifað undir erfiðum kringumstæðum í máli, sem okkur er mjög viðkvæmt og við nánari athugun verðum að leysa innan okkar fjölskyldu. Viljum við því taka aftur ummæli, sem viðhöfð eru í bréfi þessu, og biðjum þig afsökunar á þeim og láta sem þau hafi aldrei verið skrifuð.“

Stefndi Björn kveðst hafa talið, að með bréfi þessu hefði stefnandi fallið frá framangreindri ósk sinni um, að hann héldi eftir $\frac{1}{2}$ hluta bótanna, og í

framhaldi af því greiddi hann eftirstöðvar bótanna upp í kostnað af húsbyggingu Sigurðar.

Ekki verður af gögnum málsins ráðið, að neitt hafi gerst í málinu eftir þetta, þar til stefnandi og eiginkona hans rituðu hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps svofellt bréf, dags. 16. apríl 1985: „Við undirrituð hyggjumst hefja framkvæmdir á eignarhluta okkar í Skógum eða jafnvel selja hann síðar. Förum við undirrituð því þess á leit við hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps, að hún vinsamlega framkvæmi eins fljótt og kostur er að okkur verði veittir þeir fjármunir, sem til komu vegna bóta á fasteignum okkar á fyrrnefndri jörð.“

Með bréfi, dags. 19. apríl 1985, svaraði stefndi Björn bréfi þessu og upplýsti, að hlutur þeirra hjóna af bótafénu hefði runnið til byggingar húss þeirra Sigurðar og Fanneyjar, eiginkonu hans, og taldi sig hafa haft fulla heimild til þeirrar ráðstöfunar.

Í framhaldi af þessu hófust nokkur bréfaskipti milli lögmanns stefnanda og stefnda Björns, sem ekki þykir ástæða að rekja.

Hinn 23. nóvember 1989 voru tekin fyrir í skiptarétti Þingeyjarsýslu gjaldþrotaskipti á búi Sigurðar Hinrikssonar, bróður stefnanda. Við yfirheyrslu þar kveðst Sigurður fyrir u. þ. b. 4–5 árum hafa reist íbúðarhús í landi Ærlækjarsels ásamt bróður sínum Lárusi Hinrikssyni. Kveður Sigurður Lárus, bróður sinn, hafa lagt fram helming af því fé, sem til þurfti til húsbyggingarinnar.

Með bréfi, dags. 22. janúar 1990, til stefnanda óskar sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu eftir því, að embættinu verði sent bréf fyrir 27. febrúar 1990 um það, hvort stefnandi telji sig eiga helming nefndrar húseignar.

Með ódagsettu bréfi til skiptaréttar Þingeyjarsýslu, sem lagt er fram í skiptarétti 28. febrúar 1990, lýsir Ásmundur S. Jóhannsson hdl. yfir því f. h. stefnanda, að stefnandi sé eigandi að hálfu húsinu.

Að framangreindu virtu þykir mega við það miða, að ráðstöfun stefnda á bótunum til byggingar framangreinds húss hafi verið með vitund og samþykki stefnanda, allt þar til hann með bréfi sínu, dags. 24. ágúst 1984, óskaði eftir því, að $\frac{1}{2}$ hluti bóta sinna gengi til sín til annarra nota. Í framhaldi af framangreindu og eins og bréfaskriftum stefnanda til stefnda Björns var háttað og að framan er lýst, var stefnda Birni rétt að skilja stefnanda svo, að hann stæði því ekki lengur í vegi, að öllum bótunum skyldi varið svo sem gert var.

Með vísan til framangreinds ber einnig að sýkna stefnda Öxarfjarðarhrepp af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Björn Benediktsson og Öxarfjarðarhreppur, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lárusar Hinrikssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
